

Lög Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra, það sem strikað er gult hverfi, rautt komi í staðinn.

Breytingartillögur frá fulltrúum Sjálfsbjargar á Akureyri

1. grein

Nafn, heimili og aðild

Nafn samtakanna er Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, fatlaðra, hér eftir nefnt Sjálfsbjörg. Samtökin eru mynduð af aðildarfélögum víða um land.

Heimili og varnarþing Sjálfsbjargar er í Reykjavík.

Sjálfsbjörg á aðild að Öryrkjabandalagi Íslands.

Sjálfsbjörg á aðild að Nordiska Handikappförbundet.

Sjálfsbjörg getur átt aðild að samtökum, innlendum eða erlendum samkvæmt tillögu stjórnar og þarf slík tillaga að hljóta samþykki aðalfundar landsfundar til að öðlast gildi

2. grein

Hlutverk

Hlutverk Sjálfsbjargar er að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs fólks á Íslandi og eftir atvikum annarra fatlaðra. fatlaðs fólks á Íslandi. Sérstaklega skal unnið að því að tryggja hreyfihömluðum fötluðum félagsmönnum sem öðrum aðgengi að umhverfi, menntun, atvinnu og upplýsingum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós í vinnu Sjálfsbjargar. Helstu verkefni sem tengjast hlutverki Sjálfsbjargar eru:

- Að hafa áhrif á ríkis- og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og einstaklinga um þau mál sem varða hagsmuni hreyfihamlaðs fólks. fatlaðra.
- Að vekja athygli almennings á málefnum hreyfihamlaðs fólks fatlaðra með útgáfu- og kynningarstarfsemi.
- Að hafa samstarf við hliðstæð félög, innlend og erlend.
- Að reka í sjálfstæðu félagi með þjónustusamningi við opinbera aðila eða aðra, hjúkrunar- og endurhæfingu Sjálfsbjargar og þar undir eru tengdar rekstrareiningar eins og þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar og þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar.

3. grein

Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar

Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar eru hreyfihamlaðir einstaklingar og aðrir fatlaðir eða ófatlaðir einstaklingar sem óska eftir að gerast félagar og/eða vilja styðja við félagsskapinn. Með kjörgengi og kosningarétt á aðalfundi landsfundi Sjálfsbjargar fara þeir félagsmenn sem voru kjörnir fulltrúar á fundum aðildarfélaga og eru orðnir 16 ára á degi aðalfundar. landsfundi. Aðeins hreyfihamlaðir fatlaðir félagar geta setið í stjórn Sjálfsbjargar.

4. grein

Aðild að Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra fatlaðra

Aðild að Sjálfsbjörg hafa félög sem byggja á félagsaðild hreyfihamlaðs fólks fatlaðra og jástast undir þessi lög. Í félaginu þurfa að vera að lámaki 10 félagar. Ekki getur verið nema eitt aðildarfélag í hverju bæjar- eða sveitarfélagi, en starfssvæði félags getur náð yfir fleira en eitt sveitarfélag. Aðild einstaklinga af svæðum þar sem ekkert félag Sjálfsbjargar er starfrækt er heimil og gerast þeir þá beinir félagar í Sjálfsbjörg eða

velja sér aðild að tilteknu aðildarfélagi. Einstaklingar af svæðum þar sem ekkert félag Sjálfsbjargar er starfrækt er heimilt velja sér aðild að einhverju tilteknu aðildarfélagi.

5. grein

Inntaka aðildarfélaga

Með inntökubeiðni hvers félags til Sjálfsbjargar skal fylgja afrit af lögum þess, ásamt upplýsingum um stjórn og skrá yfir félagsmenn. Aðalfundur Landsfundur Sjálfsbjargar þarf að samþykkja inngönguna að tillögu stjórnar. Nýstofnað aðildarfélag er undanþegið árgjaldi til Sjálfsbjargar á aðildarári fyrsta árið.

6. grein

Skýrslur og gjald til Sjálfsbjargar

Aðildarfélögin skulu fyrir marslok lok apríl ár hvert senda stjórn Sjálfsbjargar skýrslu um starfsemi þeirra fyrir nýliðið ár, rekstrarreikning þess árs og fjárhagsstöðu í lok ársins, ásamt uppfærðu félagatali eins og það stóð 1. janúar ár hvert. sama ár.

Aðildarfélögin skulu halda aðalfund árlega og kjósa sér stjórn (lámark þrjá stjórnarmenn) og skal tilkynning um stjórnarkjörið berast stjórn Sjálfsbjargar innan mánaðar frá aðalfundi félagsins.

Árgjald aðildarfélaganna til Sjálfsbjargar er ákveðin upphæð á hvern féлага og skal upphæðin ákvarðast á hverjum aðalfundi landsfundi Sjálfsbjargar fyrir næsta ár. Árgjaldið til Sjálfsbjargar skal greiðast fyrir lok marsmánaðar og miðað skal við tölu félagsmanna 1. janúar ár hvert. það ár.

7. grein

Nánar um aðildarfélög

- Í nafni aðildarfélags þarf að koma fram heitið Sjálfsbjörg og starfssvæði þess.
- Aðildarfélögum er heimilt að starfrækja deildir innan síns starfssvæðis.
- Hvert aðildarfélag skal starfa að málefnum hreyfihamlaðs fólks fatlaðra á sínu starfssvæði. Að öðru leyti hafa félögin frjálsar hendur um sín innri mál og starf en þurfa að starfa innan þessara laga Sjálfsbjargar ásamt samþykktum aðalfunda landsfunda þess, sambandsstjórnarfunda og stjórnar. Þá þurfa þau að taka þátt í sameiginlegum verkefnum Sjálfsbjargar.
- Ef aðildarfélag hættir störfum er ekki heimilt að ráðstafa eignum þess án samráðs við stjórn Sjálfsbjargar.

8. grein

Kjörnefnd - framboð

Á vegum Sjálfsbjargar skal ávalt starfa 5 manna kjörnefnd og skal hún kjörin á aðalfundi. landsfundi.

- Hlutverk kjörnefndar er að auglýsa eftir og taka á móti framboðum og tryggja að minnsta kosti sé einn frambjóðandi í hvert embætti er kjósa skal um á aðalfundi landsfundi sbr. 13. grein.
- Framboð til embætta sem eru til kjörs kjósa á í á aðalfundi landsfundi ber að tilkynna til kjörnefndarmanns í síðasta lagi 7 vikum fyrir aðalfund landsfund og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Kjörnefnd skal ljúka störfum og kynna frambjóðendur á vefsíðu sambandsins eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund. landsfund.
- Kynning frambjóðenda skal a.m.k. innihalda nafn, aldur, heimili, netfang, símanúmer, stutta ferilsskrá og mynd. Nöfn, netföng og símanúmer kjörnefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til aðalfundar landsfundar sem birt er á vefsíðu Sjálfsbjargar ásamt lista yfir nöfn þeirra sem gegna kjörnum embættum, hvenær hver var kjörinn fyrst í embættið og hvaða embætti eru til

kjors. og í hvaða embætti skal kjósa. Stjórn Sjálfsbjargar skal kalla kjörnefnd saman til starfa í síðasta lagi 1. febrúar ár hvert.

- d. Ef einungis eitt framboð er í embætti á **aðalfundi landsfundi** er viðkomandi sjálfkjörinn. Ef fleiri en eitt framboð er um embætti skal kosið milli þeirra á **aðalfundinum landsfundinum** og hlýtur sá kjör sem fær flest atkvæði.

9. grein

Aðalfundur – tími, staður og boðun

Aðalfundur Landsfundur Sjálfsbjargar fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og skal halda hann árlega **annað hvort í apríl eða** maímánuði, eftir ákvörðun stjórnar og velur stjórn fundarstað hverju sinni. Til **aðalfundar landsfundar** skal boða með minnst 10 vikna fyrirvara með netpósti til formanna aðildarfélaganna og birta á vefsíðu Sjálfsbjargar.

Jafnframt skal opna svæði á vefsíðunni þar sem sett eru inn jöfnum höndum gögn **aðalfundar. landsfundar.**

10. grein

Aðalfundur - fulltrúar

- a. **Aðalfundur Landsfundur** Sjálfsbjargar sitja fulltrúar aðildarfélaganna, sem kosnir eru á lögmætum félagsfundi. Hvert aðildarfélag hefur rétt til að kjósa 1 **aðalfundarfulltrúa landsfundarfulltrúa** fyrir hverja 40 félaganna eða brot úr 40. Þó hafa félög, sem í eru 40 félagar eða færri, rétt til að kjósa 2 fulltrúa á **aðalfundinn. landsfundinn.** Kosning fulltrúa fari fram eftir félagatali frá 1. janúar **ár hvert þess árs.**
- b. Kosning fulltrúa og varafulltrúa á **aðalfund landsfundur** Sjálfsbjargar skal fara fram á félagsfundi aðildarfélaganna, skriflega og vera bundin við uppástungur. Fundurinn skal vera sannanlega boðaður með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara og skal **fundurinn skal vera löglega boðaður** og kosninganna getið í fundarboði. Hver fulltrúi skal á **aðalfundi landsfundi** Sjálfsbjargar framvísa kjörbréfi undirrituðu af formanni og ritara aðildarfélaganna. Niðurstöðu kosningar fulltrúa aðildarfélaganna á **aðalfund landsfundur** Sjálfsbjargar skal tilkynna stjórn Sjálfsbjargar eigi síðar en 4 vikum fyrir **aðalfundfund Sjálfsbjargar. landsfundinn.**

11. grein

Aðalfundur Landsfundur – framsetning efnis

Stefnt skal að því að minnst 2 vikum fyrir **aðalfund landsfundur** Sjálfsbjargar (eða fyrr ef lög segja svo) skuli eftirfarandi efni tengt **aðalfundinum fundinum** vera komið inn á vefsíðu Sjálfsbjargar og uppfært eftir því sem nær dregur **aðalfundi: landsfundi:**

- a. Drög að dagskrá **aðalfundar. landsfundar.**
- b. Drög að skýrslu stjórnar.
- c. Drög að ársreikningi i Sjálfsbjargar.
- d. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár.
- e. Tillaga að árgjaldi.
- f. Drög að starfsáætlun Sjálfsbjargar til 2 ára.
- g. Tillögur til lagabreytinga.
- h. Drög að ályktunum.
- i. Tillögur frá stjórn, nefndum eða einstökum félögum.
- j. Kynningu á frambjóðendum sem eru í kjöri á **aðalfundinum. landsfundinum.**

12. grein

Aðalfundur – dagskrá

Stjórn Sjálfsbjargar gerir tillögu að dagskrá **aðalfundar landsfundar** og skal hún lögð fram og samþykkt í upphafi **aðalfundar. landsfundar**. Eftirfarandi dagskrárliðir skulu a.m.k. vera á dagskrá allra **aðalfunda: landsfunda**:

- a. Setning **aðalfundar. landsfundar**.
- b. Inntaka nýrra aðildarféлага.
- c. Inntaka nýrra félagsmanna með einstaklingsaðild (lagður fram nafnalisti)
- d. Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.
- e. Endurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar fyrir síðasta ár kynntur, ræddur og afgreiddur.
- f. Skýrsla og ársreikningur hjúkrunar og endurhæfingar Sjálfsbjargar fyrir síðasta ár kynnt.
- g. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár kynnt, rædd og afgreidd.
- h. Ákvörðun um árgjald **og launakjör stjórnar**.
- i. Ályktanir, stefnumál og baráttumál kynnt, rædd og afgreidd.
- j. Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.
- k. Kosningar.
- l. Önnur mál.
- m. Slit **aðalfundar. landsfundar**.

13. grein

Aðalfundur Landsfundur – kosningar

Árlega skulu kosningar á **aðalfundi landsfundi** vera eins og hér segir í eftirfarandi embætti:

- a. Formann stjórnar, gjaldkera, einn meðstjórnanda og einn varamann skal kjósa til tveggja ára sama árið.
- b. Varaformann, ritara, tvo meðstjórnendur og einn varamann skal kjósa til tveggja ára hitt árið.
- c. Kjörnefnd, tveir skulu kosnir annað árið og þrír hitt árið.
- d. Stjórn skal leggja til hvaða aðrar nefndir skulu starfa í Sjálfsbjörg hverju sinni, fjölda nefndarmanna, hvort stjórnin skipar nefndarmen eða hvort kjósa skal í þær til eins árs eða tveggja ára á **aðalfundi landsfundi** og hvort formann nefndar skuli kjósa sérstaklega. Sama á við um fulltrúa Sjálfsbjargar í stjórn og nefndum sem Sjálfsbjörg tilnefni fulltrúa í. Þetta skal kynnt á vefsíðu Sjálfsbjargar 4 vikum fyrir **aðalfund. landsfund**.
- e. Fulltrúar sem kosnir eru á **aðalfundi landsfundi** Sjálfsbjargar sem aðalmenn í stjórn og nefndir fyrir hönd eða á vegum Sjálfsbjargar, skulu ekki sitja í sömu stjórn eða nefnd lengur en 6 ár samfelld. Sá sem kosinn er formaður Sjálfsbjargar getur þó setið í 6 ár þrátt fyrir að hann hafi setið í stjórn Sjálfsbjargar í öðru embætti en formanns.

14. grein

Aðalfundur Landsfundur – lögmæti og fyrirkomulag

- a. **Aðalfundur Landsfundur** er lögmætur, ef löglega er til hans boðað
- b. Kosning er lögmæt ef að lánmarki 2/3 aðalfulltrúa er á fundi.
- c. Fulltrúar á **aðalfundi landsfundi** með kosningarétt geta aðeins verið félagsmenn samkvæmt félagatali sbr. 3. grein
- d. Starfsmenn Sjálfsbjargar hafa málfrelsi og tillögurétt á **aðalfundi. landsfundi**.
- e. **Aðalfundur Landsfundur** getur samþykkt að veita einstaklingum heimild til að sitja **aðalfundinn landsfundinn** sem áheyrnarfulltrúar, eftir atvikum með málfrelsi og tillögurétti.
- f. Allar kosningar á **aðalfundi landsfundi** Sjálfsbjargar skulu vera samkvæmt framkomnum tillögum og skriflegar.

- g. Á fundinum gilda almenn fundarsköp og ræður meirihluti greiddra atkvæða niðurstöðu nema um lagabreytingar, þá þarf 2/3 greiddra atkvæða.
- h. Stjórn Sjálfsbjargar getur kallað saman aukalandsfund ef aðkallandi mál koma upp, eins skal kalla aukalandsfund saman ef þriðjungur aðildarfélaganna krefjast þess skriflega. Fundurinn kemur saman eins fljótt og hægt er og fjallar aðeins um þau mál sem hann var boðaður til nema fundarmenn samþykki afbrigði með 2/3 greiddra atkvæða. Fulltrúar aukalandsfundar eru þeir sömu og síðasta landsfundar.**

15. grein

Aðalfundur Landsfundur – tillögur.

Álit, ályktanir og tillögur til lagabreytinga, er stjórn ætlar að leggja fyrir aðalfund landsfund Sjálfsbjargar, skal birta á vefsíðu Sjálfsbjargar eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund landsfund.

Mál þau og tillögur, er aðildarfélagin óska að verði tekin fyrir á aðalfundi landsfundi, skal senda stjórn eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund landsfund og skulu þær þá birtar á vefsíðu Sjálfsbjargar. Tillögur er varða fjárhags- og skipulagsbreytingar, skal þó senda stjórn 8 vikum fyrir aðalfund landsfund. Stjórn skal kynna tillögur um fjárhags- og skipulagsbreytingar sem leggja á fyrir aðalfund landsfund ásamt umsögn sinni 4 vikum fyrir aðalfund landsfund á vefsíðu Sjálfsbjargar.

16. grein

Stjórn og sambandsstjórn Sjálfsbjargar.

- a. Stjórn stýrir starfsemi Sjálfsbjargar og annast málefni samtakanna á milli aðalfunda landsfunda og í umboði hans. Hún framkvæmir ákvarðanir sem aðalfundur landsfundur samþykkir hverju sinni.
- b. Stjórn skal skipuð sjö aðalmönnum og tveimur varaönnum. Formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari eru kjörnir sérstaklega.
- c. Stjórn boðar til aðalfundar landsfundar Sjálfsbjargar, ákveður tímasetningu hans, staðsetningu og undirbýr hann.
- d. Stjórn heldur reglulega fundi að jafnaði mánaðarlega (utan júlí og ágúst mánaða) og er heimilt að fundarmenn sitji fundinn gegnum fjarfundarbúnað. Varamenn fá öll fundargögn send og er heimilt að sitja stjórnarfundum án atkvæðisréttar, en taka sæti stjórnarmanna ef forföll verða.
- e. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnar situr fund og allir hafa verið sannanlega boðaðir.
- f. Fundartímar stjórnar skulu kynntir á vefsíðu Sjálfsbjargar.
- g. Meirihluti atkvæða stjórnarmanna ræður úrslitum komi til kosninga á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.
- h. Sambandsstjórn skipa formenn aðildarfélaganna eða fulltrúar þeirra ásamt stjórn Sjálfsbjargar. Stjórn skal boða til sambandsstjórnarfundar á tímabilinu september – nóvember. Efni fundarinnar eru málefni samtakanna ár hvert ásamt stefnumótunarmálum samtakanna.
- i. Stjórn er jafnframt heimilt að boða til almenns félagsfundar eða málþings á milli aðalfunda landsfunda ef hún telur ástæðu til. Hvorki formannafundur sambandsstjórnarfundir né félagsfundir hafa stjórnskipunarvald, en geta samþykkt ályktanir.
- j. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að sinna einstökum afmörkuðum verkefnum fyrir Sjálfsbjörg á milli aðalfunda landsfunda og setur þeim starfslýsingu.
- k. Stjórn hefur umsjón með eignum Sjálfsbjargar og gætir hagsmuna sambandsins á allan hátt.
- l. Stjórn tilnefnir fulltrúa Sjálfsbjargar til setu á aðalfundi ÖB'1 ásamt jafnmörgum til vara. Ákvörðun stjórnar í þessu efni er bindandi.**
- m. Stjórn tilnefnir árlega til aðalfundar þriggja manna starfskjaranefnd og skal aðalfundur staðfesta tilnefninguna. Nefndin ákveður og uppfærir kjör framkvæmdastjóra, formanns og stjórnarmanna í kjölfar aðalfunda.**
- n. Fundargerð skal rita á fundum og skulu þær birtar á vefsíðu sambandsins svo fljótt sem verða má.

- o. Reynt skal að tryggja sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn, nefndum og á skrifstofu Sjálfsbjargar. Jafnframt skal stefnt að því að ekki sé minna en helmingur starfsfólks Sjálfsbjargar hreyfihamlað fatlað. Eins skal stefnt að því að hlutfall fulltrúa í nefndum og stjórnnum sé sem jafnast á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

17. grein

Starfsfólk Sjálfsbjargar

- a. Stjórn ræður framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar og gerir við hann ráðningarsamning.
- b. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri og fjármálum Sjálfsbjargar. Hann ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn.
- c. Framkvæmdastjóri getur ekki setið í stjórn Sjálfsbjargar.
- d. Framkvæmdastjóri skal gera grein fyrir rekstri Sjálfsbjargar og stöðu á stjórnarfundum, aðalfundi landsfundi og hvenær sem stjórn æskir þess.
- e. Formaður Sjálfsbjargar getur jafnframt verið starfsmaður samtakanna sem slíkur í hlutastarfi. Aðrir stjórnarmenn geta ekki verið starfsmenn samtakanna.
- f. Ávallt skal vera til staðar skýr og skrifleg verkaskipting allra.

18. grein

Fjármál Sjálfsbjargar

Fjárhagsgrundvöllur Sjálfsbjargar skal byggður á félagsgjöldum almennra félaga Sjálfsbjargar, framlögum styrktarféлага (hollvina), framlögum opinberra aðila, styrkjum og almennri fjáröflun. Óheimilt er að veðsetja fasteignir Sjálfsbjargar nema með samþykkt meirihluta stjórnar.

Sjálfsbjörg greiðir allan kostnað er tengist rekstri sambandsins og skal stjórn setja almennar reglur um greiðsluþátttöku varðandi ferðakostnað og upphald stjórnarmanna og félagsmanna í þátttöku á fundum innan og utanlands og skal leggja þær til samþykktar á aðalfundi landsfundi.

19. grein

Ársreikningur, endurskoðun og reikningsár

Reikningsleg endurskoðun bókhalds og ársreikninga Sjálfsbjargar skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda. Stjórn ásamt framkvæmdarstjóra staðfestir ársreikning Sjálfsbjargar með áritun sinni. Ársreikningurinn skal síðan lagður fyrir aðalfund landsfund til fullnaðarafgreiðslu. Reikningsár Sjálfsbjargar er almanaksárið.

20. grein

Gildistími laga

Lög þessi eru samþykkt á aðalfundi landsfundi Sjálfsbjargar 2016 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög Sjálfsbjargar. Þannig samþykkt á aðalfundi landsfundi Sjálfsbjargar þann 1. október 2016.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á landsfundi/aðalfundi Sjálfsbjargar 2016 skal kjósa í stjórn og tilskildar nefndir þannig að þar sem kjósa á hluta annað hvert ár, skal annan hluta aðeins kjósa til eins árs til að kosningafyrirkomulagið gangi upp. Þannig skal á þessum fundi kjósa formann, gjaldkera, einn meðstjórnanda og varamann til tveggja ára en hinn hluta stjórnarmanna til eins árs. Þá skal kjósa þrjá í kjörnefnd til tveggja ára en tvo til eins árs. Sama á við um nefndarmenn og skal starfandi stjórn leggja fram fyrirkomulagið á þeirri kosningu á þessum landsfundi/aðalfundi.

(Þar sem stendur til tveggja ára er til aðalfundar landsfundar 2018)

Rök fyrir breytingum:

1. grein, Tilfinningarök segja að ástæðulaust sé að amast við orðinu **fatlaður** í nafni samtakanna, fatlaður er gott og gilt íslenskt orð. Aðildarfélögin hafa öll heitið „**félag fatlaðra**“ í nafni sínu og er það því á fánum, veifum og bréfsfnum flestra/allra aðildarfélaganna.
Aðeins 2 ár eru síðan síðasta „Sjálfsbjargarþing“ var haldið og samkoman kölluð „Landsfundur“ sem hægt var að sætta sig við þar sem saman komu fulltrúar af öllu landinu, þótt eftirsjá væri af þingunum. Hvert einstakt félag heldur hinsvegar sinn Aðalfund en það á trauðla við um landssamtökin.
(Aðalfundur/Landsfundur kemur fyrir í mörgum greinum.)
2. grein í liðum a) og b), Óþarft að margendurtaka „hreyfihamlaðs fólks“ þar sem „fatlaðra“ er góð íslenska, þjálft í máli og fullnægir merkingunni.
Þetta sama á við í fleiri greinum það er: greinum 3, 4 og 7.
3. grein, sjá 1. og 2. grein
4. grein, auk „hreyfihamlaðir“ er felld út möguleiki á beinni einstaklingsaðild að heildarsamtökunum, slík aðild þjónar engum tilgangi en getur skapað ýmis vandamál. (Vægi atkvæða til landsfundar og fleira)
5. grein, öll ár sem félag er aðili í heildarsamtökunum eru aðildarár og því nauðsynlegt að nota annað orðalag.
6. grein, þau aðildarfélög sem hafa rekstur á sinni könnu eiga oftast erfitt með að ljúka reikningsskilum og aðalfundi í mars og geta því ekki skilað ársreikningnum til annarra innan þess tímaramma.
Einnig er ljóst að meiningin er að miða við félagatalið frá 1. janúar það ár og því eðlilegast að segja það.
7. grein, „hreyfihamlaðir“, sama og 2. grein, „sambandsstjórnarfundur“ sjá 16. grein
8. grein b) og c) liðir, við kjósum í embætti en þau eru ekki til kjörs
c) liður, Enginn má sitja lengur en 6 ár samfelld í embætti, (sjá 13. grein) því þarf að koma fram hversu lengi viðkomandi má sitja áfram, ekki hvort hann var fyrst kjörinn fyrir áratugum og hefur hvílt sig frá stjórnar/nefndar-störfum, jafnvel oftár en einu sinni.
9. grein, með sömu rökum og í 6. grein er ekki gerlegt að ráðgera aðalfund í apríl.
10. grein a) liður, sömu rök og í 6. grein, b) liður, 1. treysta verður aðildarfélagunum til að kjósa fulltrúa sína og óþarfa íhlutunarsemi hvernig atkvæðagreiðsla fari fram. 2. margrætt um aðalfund Sjálfsbjargar.
12. grein c) liður falli út samanber 4. grein, aðrir liðir númerist því sjálfkrafa upp.
h) liður sem yrði orðin g) Ákvörðun um árgjald og launakjör stjórnar, þar sem óþarft er að hafa sérstaka starfskjaranefnd.
14. grein, nýr liður h) um aukaaðalfund bætist við, þar sem upp geta komið allskonar mál innan samtakanna og utan sem nauðsynlegt yrði að taka á er sjálfsagt að geta kallað saman æðsta vald samtakanna.
16. grein, i) samkvæmt h) lið, er „**Sambandsstjórn**“ það er formenn eða fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn samtakanna, því hlýtur fundur þeirra að kallast „Sambandsstjórnarfundur“ ekki formannafundur.

- l) liður, liðurinn falli út og fulltrúar verði kosnir á aðalfundi samkv. 13. grein, þar sem engin rök eru fyrir því að ÖBÍ fulltrúar skuli kjörnir á annan hátt en aðrir fulltrúar.
- m) liður falli út, Aðalfundur ákveði launakjör stjórnar samkv. 12. grein og stjórn gerir ráðningasamning við framkvæmdastjóra samanber 17. grein, launakjör framkvæmdastjóra falla því undir stjórn.
- liðir n) og o) færast því upp sem þessu nemur.